

Sameiginlegur fundur SK og SN haldin í Íþróttahúsi Njarðvíkur 15. júní 2009 kl. 19:30

Mættir:

SK: Guðmundur, Sigurbjörg, Falur, Júlli, Hjördís, Gummi, Ásta og Lilja.

SN: Herdís, Harpa, Helga, Elsie, Lúðvík, Ævar og Theodór.

1. SK óskar eftir útskýringum frá SN vegna tillögunnar sem felld var af SN.

Nefnd hefur verið að vinna að aukinni samvinnu og tillögu að sameiningu SN og SK undir merkjum ÍRB síðan í desember. Stjórn SK samþykkti tillögu sem fram kom á kynningarfundum 26. maí en SN hafnaði tillögunni. SK óskaði eftir útskýringum en SN taldi sig ekki þurfa að útskýra hvers vegna tillögunni var hafnað. SN vill að málið verði unnið ofan frá þ.e. að aðalstjórnin verði meira með í ráðum ef farið verður í meiri samvinnu eða sameiningu. SN leggur til að samstarfið haldi áfram á sama grunni og verið hefur en svokölluð Bergen leið verði skoðuð þ.e. að stofna þriðju stjórn fyrir elsta hópinn. SK lýsti yfir óánægju með þessa afgreiðslu SN, þ.e.a.s. að fella með takmörkuðum skýringum þá tillögu sem lögð var fram með það að markmiði að styrkja samstarf deildanna. Að mati SK eiga hagsmunir sundhreyfingarinnar að vera í forgrunni í þessu máli og vega þyngra en hagsmunir félaga. Stjórnir beggja deilda verða nú að íhuga hvort að samstarfið getið haldið áfram á sömu forsendum eða hvort að deildirnar vilji gera breytingar og þá hverjar. Samkvæmt samstarfssamningi deildanna, þá er bara hægt að segja samstarfinu upp um áramót og þá með sjö mánaða fyrirvara, þ.e.a.s. samningnum yrði þá ekki lokið fyrir en í júlí 2010 kjósi önnur hvor deildin að segja honum upp. SN falið að útskýra Bergen hugmyndina nánar.

2. Önnur mál

Rætt um 600 stiga hópinn og ákveðið að Elsie setti sig í samband við Steindór og farið verði af stað með áheitasöfnun til að safna fyrir ferð.